

Formleg athugasemd vegna byggingaráforma við Hafnarstræti 29 Flateyri

Til : Skipulag
Frá : Hrafnkell Hugi Vernharðsson <hrafnkellhugiv@gmail.com>
Heiti : Formleg athugasemd vegna byggingaráforma við Hafnarstræti 29 Flateyri
Málsnúmer : 2021120081
Málsaðili : Nemendagarðar Lýðháskólan hses
Skráð dags : 13.02.2022 16:58:58
Höfundur : Hrafnkell Hugi Vernharðsson <hrafnkellhugiv@gmail.com>

You don't often get email from hrafnkellhugiv@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Sæl veriði

Hrafnkell Hugi heiti ég og bý hliðin á Hafnarstræti 29 þar sem fljótlega munu Stúdentagarðar Lýðskólans á Flateyri rísa. Ég fékk póst fyrir nokkrum vikum þar sem mér var gefinn fyrirvari til að koma fram athugasemdum varðandi framkvæmdirnar. Hér í þessum pósti mun ég koma mínum athugasemdum formlega til skila.

Mín helsta athugasemd hefur með umgang stúdenta að gera. Þar sem að styðsta leið milli Stúdentagarða og Samkomuhús Flateyrar (þar sem stór partur af Lýðskólakennslu fer fram) liggur í gegnum mína lóð þá tel ég mig vera réttlátan að krefjast þess að byggingar aðilar koma upp girðingu á lóðarmörkum til þess að hindra gangandi umferð nemenda. Ég legg fram þessa kröfu ekki einungis til þess að vernda friðhelgi minnar einkalóðar heldur einnig út frá praktískari ástæðum. Lóð mín liggur á lægsta punkti Flateyrar og eins og flestum er kunnugt þá er eyrin að mikla leiti úr sandi, sérstaklega á minni lóð. Mjög mikilvægt er að viðhalda gróðri og góðu rôtarkerfi í sandinum til að sporna gegn sandrofi og sköpun á drullusvaði á lóðinni. Jarðvegurinn er ennþá að jafna sig eftir uppgröft þegar drenlagn var sett í kringum húsið mitt. Mikil fótumferð myndi hafa slæm áhrif á gróðurinn sem er ennþá á viðkvæmu stigi. Að auki þeirrar ástæðu þá tel ég að girðing myndi skapa betri skilgreiningu á lóðarmörkum og veita meiri næði frá umgangi Stúdentagarða þar sem það er nú þegar mikil breyting að fá skyndilega hóp af 20+ nemendum sem nágrana hinum megin við lóðarmörkin. Þetta eru mínar athugasemdir og tel ég þær vera nægilegar til þess að krefjast þess að byggingar aðilar komi upp girðingu á lóðarmörkum, ég vona að þið komist að sömu niðurstöðu. Takk fyrir að lesa og kær kveðja
Hrafnkell Hugi